



Borgarráð

Reykjavík, 18. ágúst 2026

MSS26080032

Orkuveita Reykjavíkur – Tilnefning í stjórn

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu nefndar um tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar, dags. 18. ágúst 2026, um skipan fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Útskrift úr fundargerð tilnefningarnefndar frá 18. ágúst 2026

Framhaldsaðalfundarboð OR, dags. 14. ágúst 2026



Reykjavík

18. ágúst 2026

Borgarráð

Kosning fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur

Hér með sendist útskrift úr fundargerð tilnefningarnefndar dags. 17. ágúst 2026:

2. Orkuveita Reykjavíkur – Tilnefning í stjórn

Samþykkt að leggja til við borgarráð að á hluthafafundi verði eftirtalin kjörin fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur:

Aðalmenn:

Ari Edwald, formaður, háður

Einar Þorsteinsson, varaformaður, háður

Skúli Helgason, háður

Ásta Dís Óladóttir, óháð

Ragnheiður Björk Halldórsdóttir, óháð

Varamenn:

Magnea Gná Jóhannsdóttir, háður fulltrúi

Brynjar Níelsson, háður fulltrúi

Heiða Björg Hilmisdóttir, háður fulltrúi

Auður Hermannsdóttir, óháð

María Sigríður Guðjónsdóttir, óháð

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

**Tillaga tilnefningarnefndar borgarráðs Reykjavíkur
Orkuveita Reykjavíkur sf.**

1. Skipun tilnefningarnefndar

Á fundi borgarráðs þann 25. júní 2026 var tillaga borgarstjóra, dags. 22. júní 2026, samþykkt ásamt fylgiskjöllum, þar sem lagt var til að borgarráð samþykki erindisbréf um nefnd til tilnefningar og kosningar til stjórnar fyrirtækja í eigu Reykjavíkurborgar. Tilnefningarnefnd skipa:

Hildur Björnsdóttir eigendafyrirsvar, borgarstjóri
Einar Þorsteinsson formaður
Björg Magnúsdóttir
Pétur Hafliði Marteinsson
Líf Magneudóttir

Þorsteinn Gunnarsson borgarritari situr fundi nefndarinnar sem og Edda Björk Ragnarsdóttir lögfræðingur á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara ritar fundargerðir nefndarinnar.

Samkvæmt Almennri eigandastefnu Reykjavíkurborgar (eigandastefnan) hefur tilnefningarnefnd það hlutverk að rýna og gera tillögu til borgarráðs um tilnefningar og kosningar til stjórnna fyrirtækja sem falla undir eigandastefnuna, sem og annarra ráða og nefnda þeirra sem eigendur tilnefna og/eða kjósa til slíkra starfa (trúnaðarstöður fyrirtækjanna).

Fyrir liggur að tilnefna og kjósa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fer hér á eftir tillaga tilnefningarnefndar um skipan stjórnarinnar.

2. Tilnefningar í stjórnir

Samkvæmt eigandastefnunni skal í vinnu tilnefningarnefndar litið til þess að stjórn, nefnd eða ráð sé hverju sinni saman sett af einstaklingum í sem jöfnustum kynjahlutföllum, sem hafa breiða þekkingu og bakgrunn, s.s. m.t.t. aldurs og reynslu, sem nýtist viðkomandi fyrirtæki og eftir atvikum hagaðilum þess hverju sinni, m.t.t. hlutverks og verkefna fyrirtækisins, rekstrar þess og framtíðarsýnar.

Við kosningu í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja skal miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess. Í 5 manna stjórn skal ennfremur miðað við að a.m.k. tveir af framangreindum stjórnarmönnum séu jafnframt óháðir Reykjavíkurborg og að í 7 manna stjórn séu 3 af framangreindum stjórnarmönnum jafnframt óháðir Reykjavíkurborg. Kjörnir fulltrúar Reykjavíkur og starfsmenn Reykjavíkurborgar teljast ekki óháðir Reykjavíkurborg, en að öðru leyti skal miðað við óháði samkvæmt skilgreiningu Leiðbeininga Viðskiptaráðs hverju sinni. Samkvæmt því er miðað við að óháðir aðilar hafi ekki starfað fyrir félagið eða Reykjavíkurborg, eða verið kjörnir fulltrúar, næstliðin 3 ár.

3. Sjónarmið og gögn sem tilnefningarnefnd leggur til grundvallar tillögu sinni

Tilnefningarnefnd hefur sett sér starfsreglur þar sem helstu verkefni nefndarinnar vegna einkaréttarlegra fyrirtækja eru tilgreind:

- 1) Kortlagning á skipan stjórnna fyrirtækjanna
- 2) Mat á óhæði sitjandi stjórnarmanna
- 3) Þarfagreining á þekkingu og reynslu í einstökum stjórnnum, m.t.t.
 - a) hlutverks og verkefna fyrirtækisins,
 - b) rekstrar þess og framtíðarsýnar

- c) sem nýtist fyrirtækinu og hagaðilum þess
- 4) Kortlagning á þekkingu og reynslu sitjandi stjórnarmanna
- 5) Auglýsing eftir framboðum til setu í stjórnunum fyrirtækjanna, s.s. á heimasíðu Reykjavíkurborgar
- 6) Mat á hæfi og hæfni fram kominna tillagna um stjórnarmenn, s.s. út frá ferilskrám og viðtölum við frambjóðendur
- 7) Mat á óhæði einstakra frambjóðenda
- 8) Rökstudd tillögugerð til borgarráðs um tilnefningu / kosningu til stjórnna fyrirtækjanna

Tilnefningarnefnd notast við svokallaðar stjórnarmatrixur við kortlagningu á nauðsynlegri þekkingu og reynslu stjórnna félaga, annars vegar almenna matrixu sem á við um stjórnir allra þeirra einkaréttarlegu fyrirtækja sem tilnefningarnefnd fjallar um og hins vegar sértæka matrixu fyrir hvert og eitt fyrirtækjanna og út frá þarfagreiningu hvernar og einnar stjórnar.

Almenn matrixa stjórnna einkaréttarlegra fyrirtækja inniheldur eftirfarandi þekkingu og reynslu:

- 1) Stjórnun og stjórnarhættir
- 2) Stefnumótun og framtíðarsýn
- 3) Fjármál - áætlanagerð, reikningsskil og endurskoðun
- 4) Sjálfbærni rekstrar og áhættustýring
- 5) Mannauðsmál
- 6) Innra eftirlit
- 7) Samfélagsábyrgð / umhverfismál / loftslagsmál
- 8) Lögfræði
- 9) Markaðsmál / almannatengsl
- 10) Upplýsingatækni
- 11) Aldur stjórnarmanns
- 12) Fjöldi ára í stjórn

Tilnefningarnefnd vinnur jafnframt sértækar matrixur fyrir einstök fyrirtæki og er matrixan eftirfarandi fyrir Orkuveitu Reykjavíkur:

- 1) Vatns, hita-, raf- og fráveitustarfsemi, framleiðsla og sala rafmagns og vatns og rekstur gagnaveitu
- 2) Hagaðilar fyrirtækisins
- 3) Fjármál sveitarfélaga
- 4) Fjármagnsskipan félagsins
- 5) Raforkulöggjöf og reglur / reglugerðir o.fl.
- 6) Raforkumarkaðir
- 7) Stjórnarhættir á samstæðugrunni
- 8) Öryggis- og heilbrigðismál
- 9) Upplýsingaskylda og regluvarsla
- 10) Fjárfestatengsl
- 11) Stafræn þróun

Þegar tilnefningarnefnd hefur skilgreint matrixu eru gerðar tillögur að þeim aðilum sem tilnefndir yrðu í stjórnir fyrirtækjanna og teldust ekki uppfylla skilyrði um að vera óháðir fyrirtækjunum, stjórnendum þeirra og Reykjavíkurborg. Þekking þeirra og reynsla er því næst kortlögð út frá fyrirliggjandi matrixum og matrixurnar síðan gloppugreindar m.t.t. þeirrar þekkingu og reynslu sem framangreinda aðila skorti. Einnig er aflað eftir bestu getu upplýsinga frá öðrum eigendum fyrirtækjanna þar sem þeim er til að dreifa, til að ná fram sem heildstæðustu sýn yfir þekkingu, reynslu, aldur og kynjaskiptingu stjórnanna.

Því næst gera nefndarmenn tillögur að nokkrum óháðum aðilum sem teljast uppfylla skilyrði um þekkingu og reynslu sem skorti samkvæmt kortlagningu með matrixunum, en einnig að teknu tilliti til kyns, aldurs og starfsaldurs í viðkomandi stjórnunum.

Samkvæmt erindisbréfi skal tilnefningarnefnd viðhafa faglegt mat við gerð að tillögu og miða að því að ná fram bestu samsetningu í viðkomandi trúnaðarstöðum m.t.t. hagsmuna fyrirtækisins, eigenda þess og annarra hagsmunaaðila. Tilnefningarnefnd yfirfórir framangreind gögn og lagði heildstætt mat á það hvaða aðilar fullnægðu best ofangreindum viðmiðum.

4. Tillaga tilnefningarnefndar

Niðurstaða tilnefningarnefndar byggist á heildarmati, þar sem ofangreind sjónarmið eru höfð til leiðbeiningar og viðmiðs.

Orkuveita Reykjavíkur sf.

Samkvæmt sameignarsamningi OR er stjórn skipuð með eftirfarandi hætti:

„6.1 Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skal skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Sveitarstjórn Borgarbyggðar skal heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í stjórn með málfrelsi og tillögurétt. 6.2 Varamenn, jafnmargir, skulu kjörnir á sama hátt og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnarinnar er eitt ár í senn, frá aðalfundi Orkuveitu Reykjavíkur á viðkomandi ári til aðalfundar á næsta ári.“

Tillaga tilnefningarnefndar um kosningu fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sf. er eftirfarandi:

Aðalmenn	Ari Edwald – háður, formaður <i>Borgarfulltrúi Miðflokksins. Með embættispróf í lögfræði frá HÍ og MBA í rekstrarhagfræði frá University of San Francisco. Starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, aðstoðarmaður ráðherra, ritstjóri Viðskiptablaðsins, forstjóri 365 miðla o.fl.</i>
	Einar Þorsteinsson, háður, varaformaður <i>Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. BA í stjórnmálafræði og MPA í stjórnsýslufræði í HÍ. Starfaði m.a. sem frétt- og dagskrárgerðarmaður á RÚV og sem borgarstjóri 2024-2025 og borgarfulltrúi frá 2022.</i>
	Skúli Helgason – háður <i>Borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. BA-próf í stjórnmálafræði og MPA-próf í stjórnsýslu frá University of Minnesota 2005. Starfaði m.a. sem dagskrárgerðarmaður, sat á Alþingi 2009-2013 og setið í ýmsum stjórnunum og ráðum.</i>
	Ásta Dís Óladóttir - óháð <i>Prófessor í viðskiptafræði og forseti viðskiptafræðideildar HÍ, doktorspróf frá Copenhagen Business School, með meistaragráðu í stjórnun og stefnumótun frá HÍ. Starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, framkvæmdastjóri Friðafnarinnar og Heilsuverndarstöðvarinnar. Hefur mikla reynslu af stjórnarsetu í fyrirtækjum og stofnunum.</i>
	Ragnheiður Björk Halldórsdóttir – óháð <i>BSc í verkfræði frá Háskóla Íslands (2014) og meistarapróf í nýsköpun, verkfræði og stjórnun frá Háskólanum í München. Hefur starfað m.a. hjá Landsvirkjun, BMW Group, Daimler AG, McKinsey & Company og rekið sjálfstæða ráðgjöf í sjálfbærni.</i>
Varamenn	Magnea Gná Jóhannsdóttir – háð <i>Varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins. BA í lögfræði frá HÍ og stundar meistaranám í sömu deild. Hefur setið m.a. í ýmsum stjórnunum og var borgarfulltrúi kjörtímabilið 2022-2026.</i>
	Brynjar Níelsson - háður

	<i>Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Embættispróf í lögfræði frá HÍ. Hefur starfað sem formaður Lögmannafélags Íslands, rekið eigin lögmannsstofu, sat á Alþingi og hefur setið í ýmsum nefndum og stjórnnum.</i>
	Heiða Björg Hilmisdóttir - háður <i>Borgarfulltrúi Samfylkingar. Fil. Kand. í næringarrekstrarfræði frá Gautaborgarháskóla, M.Sc. í næringarfræði frá Gautaborgarháskóla og MBA viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Setið í ýmsum stjórnnum. Starfað m.a. hjá Landspítala og sem borgarstjóri 2025-2026.</i>
	Auður Hermannsdóttir - óháð <i>Aðjúnt við viðskiptafræðideild HÍ og sérhæfir sig í markaðsfræði. Er í doktorsnámi við HÍ. Hefur verið varamaður í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.</i>
	María Sigríður Guðjónsdóttir – óháð <i>Vélaverkfræðingur með BSc-próf frá HÍ, Dipl. -Ing frá Tækniháskólanum í München og PhD frá HR/HÍ. Aðstoðarprófessor í Háskólanum í Reykjavík. Hefur m.a. setið í stjórn Orkuklasans og Jarðhitafélagi Íslands og sat áður í stjórn Verkfræðingafélagsins.</i>

5. Umboð eigandafyrirsvars og endurskoðun tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd leggur til að eigandafyrirsvari Reykjavíkurborgar verði veitt umboð til að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar á aðalfundi/hluthafafundi Orkuveitu Reykjavíkur sf. og kjósa framangreinda einstaklinga í stjórn fyrirtækisins.

Samþykkt á fundi tilnefningarnefndar, 17. ágúst 2026



Reykjavík, 14. ágúst 2026

Til eigenda og stjórnarmanna OR.

Efni: Framhaldsaðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2026

Í samræmi við áður sent rafrænt fundarboð verður framhaldsaðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur verður haldinn fimmtudaginn 20. ágúst 2026 kl. 12:30. Fundurinn verður haldinn um fjarfundabúnað.

Á dagskrá framhaldsaðalfundar OR er það mál sem frestað var á aðalfundi þann 17. apríl sl.:

1. Kjöri stjórnar lýst.

Virðingarfyllst,

Gylfi Magnússon,
stjórnarformaður